

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Höfðasels.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 8. maí 2007, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Höfðasels á Akranesi.

Breytingin nær yfir lóðir 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16 og 18 við Höfðasel sem eru á austurhluta svæðisins.

Breytingin felst í að lóðir 7, 8, 9, 10, 11, 12 og 14 eru felldar út ásamt hluta götunnar við Höfðasel og lóðarmörkum lóða nr. 13, 15 og 16 er breytt.

Byggingarreitir hafa verið endurskilgreindir. Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Hámarksnýtingarhlutfall er 0,2.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 9. júlí 2007.*

**Guðný J. Ólafsdóttir,**  
fulltrúi sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. júlí 2007